



## Fundur háskólaráðs 6. október 2005

### Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir

Staða: Í vinnslu

### Dagsetningar:

Búið til: 29.09.2005

Dags: 06.10.2005

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

12/2005

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 6. október var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Anna Pála Sverrisdóttir, Bryndís Harðardóttir, Eiríkur Tómasson, Inga Jóna Þórðardóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ó. Skarphéðinsson, Helgi Þorbergsson (varamaður Rögnvaldar Ólafssonar) og Vilhjálmur Árnason. Matthías Páll Imsland boðaði forföll. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Í upphafi fundar greindi rektor frá því að á næstunni verði kynntir tveir merkir áfangar í starfi Háskóla Íslands. Í fyrsta lagi verða kunngjörð úrslit í samkeppni um heildarskipulag Landspítala-háskólasjúkrahúss og heilbrigðisvísindadeilda H.Í. á lóðinni við Hringbraut við hátíðlega athöfn í Öskju 12. október nk. Í öðru lagi verður kynnt verðlaunatillaga um hönnun Háskólatorgs á fréttamannafundi í Hátíðasal í Aðalbyggingu 18. október nk. Strax á eftir, kl. 12, verður tillagan kynnt fyrir starfsfólki Háskólans á opnum fundi í Hátíðasal.

### 1. Erindi til háskólaráðs

#### 1.1 Stjórnir, nefndir og ráð:

- a. Skipun eins varafulltrúa (frá AÍ) í stjórn Endurmenntunarstofnunar Háskólans, sbr. síðasta fund.  
Á seinasta fundi háskólaráðs 8. september sl. var stjórnin skipuð skv. breyttu ákvæði 4. gr., að undanskildum varafulltrúa Arkitektafélags Íslands. Ekki hefur borist tilnefning frá Arkitektafélaginu.  
- Frestað.
- b. Úthlutunarnefnd Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands til næstu tveggja ára, þ.e. til 30. júní 2007. (Sjá einnig lið 1.5)  
Samkvæmt viljayfirlýsingu rektors og stjórnarformanns Eimskipafélagsins frá 9. febrúar sl. er gert ráð fyrir að háskólaráð skipi fimm manna úthlutunarnefnd til fimm ára í senn og skulu a.m.k. tveir stjórnarmenn vera utan Háskóla Íslands. Lagði rektor til að gengið verði frá skipun úthlutunarnefndarinnar um leið og fjallað verður um reglur um styrki til framhaldsnema við H.Í. úr Háskólasjóði Eimskips.  
- Samþykkt einróma að fresta skipun úthlutunarnefndar Háskólasjóðs Eimskipafélags Íslands til næsta fundar.
- c. Stjórn Happprættis H.Í.  
Rektor lagði fram tillögu um að stjórn Happprættis H.Í. yrði skipuð með eftirfarandi hætti: Páll Hreinsson prófessor við lagadeild H.Í., Óskar Magnússon, forstjóri Tryggingamiðstöðvarinnar, og Ebba Þóra Hvannberg, dósent við verkfræðideild H.Í. Með þessu er vikið frá þeirri venju að rektor taki sæti í stjórn Happprættis H.Í.

Stjórnin kýs sjálf formann sinn.

- Samþykkt samhljóða, en Helgi Þorbergsson, varamaður fyrir fulltrúa raunvísindasviðs, sat hjá vegna tengsla við einn stjórnarmann.

d. Breyting á stjórn Alþjóðamálastofnunar.

Ný stjórn Alþjóðamálastofnunar var skipuð á seinasta fundi háskólaráðs 8. september sl. en utanríkisráðuneytið hefur farið þess á leit að vegna anna Sigríðar Á. Snævarr, sendiherra, verði dr. Gunnar Pálsson, sendiherra og skrifstofustjóri auðlindaskrifstofu, skipaður í stjórnina í stað hennar.

- Samþykkt einróma.

e. Nýr fulltrúi stúdenta í Ráð um málefni fatlaðra.

- Samþykkt einróma að Vigdís Kristín Ebenesersdóttir, formaður Fortúnu, Félags fatlaðra stúdenta, taki sæti í Ráði um málefni fatlaðra í stað Hallgríms Gunnþórssonar.

1.2 Tillögur frá deildum og stofnunum um breytingar á reglum.

1. Tillaga viðskipta- og hagfræðideildar um breytingu á 6. mgr. 100. gr. um viðurkenningu fyrra náms í deildinni. Lagt er til að málsgreinin orðist svo (viðbætur auðkenndar með hornklofa): „Deildin setur reglur um viðurkenningu fyrra náms við endurskráningu stúdenta og umskráningu úr öðrum deildum [eða skólum] eða milli aðalgreina í viðskipta- og hagfræðideild. [Ekki er hægt að brautskrást með prófgráðu frá deildinni nema viðkomandi hafi lokið minnst 30 einingum innan deildarinnar.]”

- Samþykkt einróma.

2. Tillaga skv. ábendingu lagadeildar um breytingu á 57. gr. um heimild til endurtöku prófs. Tillagan er í tveimur liðum. Í fyrsta lagi er lagt til að í stað orðanna „innan árs” í 1. mgr. 57. gr. komi „næst þegar almennt próf er haldið í námskeiðinu.” Í öðru lagi er lagt til að orðinu „málsgreinar” í niðurlagi 1. mgr. verði breytt í „greinar”. Málið var rætt. Að umræðu lokinni bar fulltrúi hugvísindasviðs upp þá breytingartillögu við fyrri hluta tillögu lagadeildar að í stað hennar komi „innan árs, eða næst þegar almennt próf er haldið í námskeiðinu.” Fulltrúi félagsvísindasviðs lagði til að síðari hluta tillögu lagadeildar yrði frestað.

- Samþykkt einróma.

3. Tillaga skv. ábendingu lagadeildar um breytingu á 59. gr. um tímamörk varðandi skipun prófdómara. Lagt er til að aftast í 2. mgr. 59. gr. komi nýr málsliður sem orðist svo: „Prófdómari verður þó ekki skipaður, nema veigamiklar ástæður mæli með því að mati rektors, ef meira en þrjú mánuðir líða frá birtingu einkunnar og þar til beiðni um skipanina berst.” Málið var rætt.

- Frestað.

1.3 Meðferð persónugreinanlegra upplýsinga innan H.Í., sbr. fund ráðsins 17. mars 2005. Minnisblað Lagastofnunar H.Í.

Rektor gerði grein fyrir málinu og framlögðu minnisblaði Lagastofnunar, dags. 19. september 2005. Í minnisblaðinu er ítarlega lýst athugunum sem Lagastofnun hefur þegar gert sem og fyrirhuguðum verkþáttum. Í máli rektors kom fram að beðið er eftir álit Siðfræðistofnunar og lagði því til að afgreiðslu málsins yrði frestað þar til endanlegt álit Lagastofnunar og álit Siðfræðistofnunar hafa borist.

1.4 Verklagsreglur um miðlun upplýsinga úr upplýsingakerfum Háskóla Íslands og aðgangsheimildir að póstlistum Háskólans.

Rektor gerði grein fyrir málinu og lagði til að reglurnar yrðu formlega teknar til afgreiðslu þegar álit Lagastofnunar og Siðfræðistofnunar liggja fyrir um meðferð persónugreinanlegra upplýsinga, sbr. dagskrárlið 1.3 hér að framan.

1.5 Umsagnir deilda um drög að reglum um styrki til doktorsnema við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði Eimskips, sbr. fund ráðsins 23. júní sl.

Rektor rakti stuttlega aðdraganda málsins og skýrði framlagt minnisblað sem m.a. hefur að geyma samantekt á helstu sjónarmiðum sem fram komu í umsögnum deilda um fyrirbyggjandi regludrög. Málið var rætt.

- Samþykkt einróma að starfshópur fari aftur yfir drögin og taki tillit til framkominna ábendinga eftir því sem ástæða er til og skili álit fyrir næsta háskólaráðsfund. Fjölgað verði um tvo fulltrúa háskólaráðs í starfshópnum með því að Jón Ólafur Skarphéðinsson, fulltrúi heilbrigðisvísinda, og Bryndís Harðardóttir, fulltrúi stúdenta, gangi til liðs við hann. Á næsta fundi ráðsins verði jafnframt gengið frá skipun úthlutunarnefndar, sbr. dagskrárlíð 1.1 hér að framan.

1.6 Erindi frá læknadeild og verkfræðideild: Doktors- og meistaranám í lífverkfræði.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt.

- Samþykkt einróma að heimila rektor að ganga frá samningi um tímabundið starf dósents í lífverkfræði á milli funda ráðsins, að því tilskyldu að verkfræðideild veiti samþykki fyrir sinn hluta fjármögnunar. Samningurinn er gerður milli fjögurra samstarfsaðila og tryggir fjármögnun til þriggja ára en felur ekki í sér skuldbindingu umfram það.

1.7 Lántaka vegna endurbyggingar anddyris Háskólabíós og aukinna eldvarna.

Fyrir var tekið bréf frá stjórn Háskólabíós þar sem óskað er eftir heimild háskólaráðs til að taka lán með veði í greiðslum H.Í. til Háskólabíós, en með því fæst veruleg lækkun vaxta. Inn á fundinn kom Guðmundur R. Jónsson, framkvæmdastjóri rekstrar- og framkvæmdasviðs, og gerði, ásamt rektor, grein fyrir málinu.

- Samþykkt einróma.

## 2. Mál á dagskrá

2.1 Fjárlagafrumvarp fyrir árið 2006.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar, og gerði rækilega grein fyrir framlögðu minnisblaði sínu um frumvarp til fjárlaga ársins 2006. Gert væri ráð fyrir því að H.Í. fengi um 550 m.kr. umfram það sem veitt hefði verið til skólans fyrir árið 2005 og skipti mestu launabætur og hækkun á nemendaframlögum. Málið var rætt ítarlega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum.

2.2 Fjárhagsstaða Háskólans, yfirlit eftir átta mánuði.

Rektor gerði grein fyrir framlögðu yfirliti fjárreiðusviðs yfir rekstur Háskóla Íslands á tímabilinu janúar til ágúst 2005. Skýrði hún m.a. frá því að óveruleg breyting hefði orðið á fjárhagsstöðu Háskólans og starfseininga hans frá hálfis árs yfirlitinu sem lagt var fram á fundi háskólaráðs 8. september sl. Rektor skýrði frá fundum sem haldnir hefðu verið til að ræða mögulegar aðgerðir vegna bágrar fjárhagsstöðu hugvísindadeildar, skv. tilmælum háskólaráðs á fundi 8. september. Málið var rætt.

2.3 Úttektir á starfsemi Háskóla Íslands:

a. University of Iceland. EUA Evaluation Report. September 2005. Úttekt gerð að frumkvæði Háskóla Íslands.

b. An Evaluation of Scholarly Work at the University of Iceland. September 2005. Úttekt gerð að frumkvæði menntamálaráðherra.

c. Skipun ytri matshóps vegna gæðaúttektar á hugvísindadeild.

Rektor reifaði stuttlega helstu niðurstöður framlagðra lokaskýrslna og væntanlega opinbera kynningu á þeim.

2.4 Stefnunmótun Háskóla Íslands 2006-2010.

Rektor greindi frá því að væntanleg væri innan skamms skýrsla starfshóps sem hann hefði skipað og hefði það hlutverk að taka saman helstu athugasemdir og ábendingar í lokaskýrslum vegna nýlegra úttekta á Háskóla Íslands og setja fram tillögur um viðbrögð. Málið verður áfram á dagskrá háskólaráðs.

2.5 Fyrirhuguð lagasetning sem snertir Háskóla Íslands.

a. Endurskoðun laga um háskóla.

b. Frumvarp til laga um Stofnun íslenskra fræða – Árnastofnun.

Rektor reifaði málið.

### 3. Mál til fróðleiks

3.1 Drög að dagskrá háskólafundar 3. nóvember 2005.

3.2 Lög og reglur Háskóla Íslands, 4. útg. september 2005.

3.3 Úthlutun úr Aðstoðarmannasjóði Háskólans haustmisseri 2005.

3.4 Skýrsla Hugverkanefndar Háskóla Íslands 2003-2005, ásamt tillögu að breytingum á gildandi verklagi, sem samþykkt var í háskólaráði 26. júní sl.

### 4. Önnur mál

4.1 Málefni barnageðlækninga.

Inga Jóna Þórðardóttir, fulltrúi þjóðlífs, óskaði eftir því að tekið verði saman yfirlit yfir stöðu umræðna innan læknadeildar um að sett verði á laggirnar prófessorsstarf í barnageðlækningum.

4.2 Asísk fræði.

Rektor skýrði frá viðræðum milli Háskóla Íslands og Háskólans á Akureyri um mögulegt samstarf á sviði kennslu og rannsókna í asískum fræðum, þ.e. japönskum, kínverskum og indverskum fræðum.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið kl. 15.30.